

**Ed.**

**778. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. 45. (Til alþýðufræðslu Stúdentafjel.)

Liðurinn orðist svo:

Til alþýðufræðslu Stúdentafjelsins i Reykjavik og á Akureyri... .. 700 — 700  
Af þessari fjárveitingu greiðist Stúdentafjelinu á Akureyri 200 kr. hvort árið.

**Fylgiskjöl.**

1.

Brjef stjórnar Stúdentafjelsins á Akureyri, frá 12. nóv. 1914, til stúdentafjelsins i Reykjavik:

Á síðasta fundi Stúdentafjelsins á Akureyri, sem haldinn var 5. þ. m., var meðal annars rætt um það, hvort Stúdentafjelagið ætti að gangast fyrir því, að alþýðufyrirlestrar yrðu haldnir hjer i vetur, og var i máli þessu samþykkt svofeld tillaga:

»Fjelagið telur æskilegt, að alþýðufyrirlestrar verði haldnir á Akureyri i vetur, og til undirbúnings málefningu felur fundurinn stjórninni að spyrja Stúdentafjelagið i Reykjavik, hvort fjelagið geti fengið hluta af fje því, sem veitt er á fjárlögunum til alþýðufyrirlestra, og þá hve mikinn«.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss hjer með að beina spurningu þeirri, er i tillögunni felst, til yðar, og eru það vinsamleg tilmæli vor, að þjer gjörið svo vel að svara henni svo fljótt sem kostur er á.

Með virðingarfylstu kveðjum.

I stjórn Stúdentafjelsins á Akureyri.

Bjarni Jónsson,      Árni Þorvaldsson,      Lúðvík Sigurjónsson,  
p. t. formaður.      p. t. skrifari.      p. t. gjaldkeri.

Til Stúdentafjelsins i Reykjavik.

2.

Svar formanns alþýðufræðslu Stúdentafjelsins i Reykjavik 22. janúar 1915 upp á brjef Akureyrarstúdentu frá 12. nóv. 1914:

Reykjavik 22. jan. 1915.

Háttvirti herra!

Út af brjefi yðar til Stúdentafjelsins hjer, dagsettu 12. nóv. f. á., hefi

jeg þá æru að skýra yður frá því, að fyrirlestranefndin hjer, tók erindi yðar til athugunar, og sá sjer ekki fært að leggja það til — og því var þegjandi hlitt — að á þessu ári yrði neitt fje hjeðan lagt af landssjóðsstyrknum til Stúdentafjelagsins á Akureyri, meðal annars af því, að það var þegar búið að ákveða, að veita fje hjeðan til fyrirlestra á bændanámskeiði á Eyðum eystra og á Hólum í Hjaltadal. En það eru hvorttveggja staðir, sem ættu að liggja undir verkahring Stúdentafjelagsins á Akureyri, ef það nyti opinbers fjárstuðnings.

Hins vegar erum við hjer fúsir til að styðja að því eftir megni — og væntum hins sama af yður — að alþýðufræðsla Stúdentafjelaganna fengi riflegri styrk en hingað til, svo að hann yrði til tvískifta svo um munaði, og þá gætu fjelögin tekið að sjer að sjá um fyrirlestra í hjeruðum og fjórðungum landsins, eftir því sem best lægi við og um semdi.

jeg þá æru að skýra yður frá því, að fyrirlestranefndin hjer, tók erindi yðar til athugunar, og sá sjer ekki fært að leggja það til — og því var þegjandi hlítt — að á þessu ári yrði neitt fje hjeðan lagt af landssjóðsstyrknum til Stúdentafjelagsins á Akureyri, meðal annars af því, að það var þegar búið að ákveða, að veita fje hjeðan til fyrirlestra á bændanámsskeiði á Eyðum eystra og á Hólum í Hjaltadal. En það eru hvorttveggja staðir, sem ættu að liggja undir verkahring Stúdentafjelagsins á Akureyri, ef það nyti opinbers fjárstuðnings.

Hins vegar erum við hjer fúsir til að styðja að því eftir megni — og væntum hins sama af yður — að alþýðufræðsla Stúdentafjelaganna fengi riflegri styrk en hingað til, svo að hann yrði til tvískifta svo um munaði, og þá gætu fjelögin tekið að sjer að sjá um fyrirlestra í hjeruðum og fjórðungum landsins, eftir því sem best lægi við og um semdi.